

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/378**2017/EES/48/19****frá 3. mars 2017****um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar tiltekin bragðefni (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96/ og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 11. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 ⁽³⁾ var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.
- 3) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annað hvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.
- 4) Skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni inniheldur nokkur efni sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) hefur farið fram á að frekari vísindagögn verði lögð fram fyrir með það að markmiði að ljúka matinu áður en frestirnir, sem eru fastsettir í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008, renna út.
- 5) Ef um er að ræða efni sem tilheyra mati á hópi bragðefna FGE 203 rev.1 var eindaginn 31. desember 2012 fastsettur í skrá Sambandsins vegna framlagningar á umbeðnum frekari vísindagögnum. Efnin sem tilheyra þessum hóp FGE203 rev.1 eru: deka-2,4-díen-1-ól (FL-nr. 02.139), hepta-2,4-díen-1-ól (FL-nr. 02.153), hexa-2,4-díen-1-ól (FL-nr. 02.162), nóna-2,4-díen-1-ól (FL-nr. 02.188), hexa-2(trans),4(trans)-díenal (FL-nr. 05.057), trídeka-2(trans),4(cis),7(cis)-tríenal (FL-nr. 05.064), nóna-2,4-díenal (FL-nr. 05.071), 2,4-dekadíenal (FL-nr. 05.081), hepta-2,4-díenal (FL-nr. 05.084), penta-2,4-díenal (FL-nr. 05.101), úndeka-2,4-díenal (FL-nr. 05.108), dódeka-2,4-díenal (FL-nr. 05.125), okta-2(trans),4(trans)-díenal (FL-nr. 05.127), deka-2(trans),4(trans)-díenal (FL-nr. 05.140), deka-2,4,7-tríenal (FL-nr. 05.141), nóna-2,4,6-tríenal (FL-nr. 05.173), 2,4-oktadíenal (FL-nr. 05.186), tr-2, tr-4-nónadíenal (FL-nr. 05.194), tr-2, tr-4-úndekadíenal (FL-nr. 05.196), og hexa-2,4-díenýlasetat (FL-nr. 09.573). Umsækjandinn hefur lagt slík gögn fram.
- 6) Þessi efnahópur nær yfir hexa-2(trans),4(trans)-díenal (FL-nr. 05.057) og deka-2(trans),4(trans)-díenal (FL-nr. 05.140) sem voru notuð sem dæmigerð efni fyrir hópinn og sem gögn um eiturrhrif hafa verið lögð fram fyrir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 58, 4.3.2017, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 125/2017 frá 7. júlí 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

(2) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjtið. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

- 7) Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á erfðaeiturhrif þessara tveggja dæmigerðu efna í vísindalegu álitinu sínu frá 26. mars 2014 ⁽¹⁾.
- 8) Að því er varðar hexa-2(trans),4(trans)-díenal (FL-nr. 05.057) var staðfest að efnið skapar öryggisvanda, byggt á sönnunargögnum úr útgefnu efni þar sem gerð er grein fyrir örvun DNA-átengja í mismunandi kerfum í glasi og í líffi og flokkun Alþjóðakrabbameinsrannsóknastofnunarinnar á efninu sem hugsanlega krabbameinsvaldandi fyrir menn, að teknu tilliti til niðurstaðna Alþjóðakrabbameinsrannsóknastofnunarinnar um að gögn um verkunarhátt veiti viðbótarstuðning að því er varðar gildi gagna um krabbameinsvaldandi áhrif á dýr fyrir menn og að fyrir hendi sé þó nokkuð af sönnunargögnum um að vakning æxla verði vegna verkunarháttar sem hefur erfðaeiturhrif.
- 9) Að því er varðar deka-2(trans),4(trans)-díenal (FL-nr. 05.140) var komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé hægt að útiloka verkunarhátt án viðmiðunarmarka sem hefur erfðaeiturhrif á þeim grundvelli að vísbendingar séu um erfðaeiturhrif í líffi og að teknu tilliti til sönnunargagna úr rannsóknum í glasi um vakningu mismunandi tegunda DNA-skemmda (oxaðir DNA-basar og stórgerð átengi).
- 10) Í heildina komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að ekki sé hægt að útiloka öryggisvanda að því er varðar erfðaeiturhrif beggja dæmigerðu efnanna í hópnum og að þessi niðurstaða gildi einnig um hin efnin í hópnum FGE 203.
- 11) Hlutaðeigandi aðilar upplýstu um að þeir væru að framkvæma ýmsar rannsóknir á eiturhrifum efnanna í hópnum FGE 203 til að bregðast við þeim áhyggjum sem Matvælaöryggisstofnunin lét í ljós. Að auki hefur framkvæmdastjórnin óskað eftir frekari upplýsingum til að meta að fullu öryggi þessara efna.
- 12) Viðkomandi aðilar lögðu rannsóknirnar og upplýsingarnar fram 26. september 2016.
- 13) Meðan beðið er eftir að Matvælaöryggisstofnunin leggi mat á efnin í hópi FGE, endanlegu fullnaðarmati á þessum efnum samkvæmt málsmeðferð sérfræðinganefndar Matvælaöryggisstofnunarinnar um efni sem komast í snertingu við matvæli, ensím, bragðefni og hjálparefni við vinnslu (EFSA CEF) og að lokið verði reglusetningarferli sem fylgir í kjölfarið þykir rétt að takmarka skilyrði fyrir notkun þessara efna við núverandi notkun.
- 14) Af tæknilegum ástæðum ætti að mæla fyrir um umbreytingartímabil sem gilda fyrir matvæli, sem uppfylla ekki skilyrðin sem koma fram í viðaukanum, sem hafa verið sett á markað í Sambandinu eða send frá þriðju löndum til Sambandsins fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.
- 15) Því ætti að breyta A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.
- 16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

1. Matvæli, sem einhverju þeirra bragðefna sem eru tilgreind í viðaukanum við þessa reglugerð hefur verið bætt í, sem uppfylla ekki þau skilyrði sem sett eru fram í þeim viðauka og sem hafa verið sett á markað á lögmætun hátt fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.

⁽¹⁾ „Scientific Opinion on Flavouring Group Evaluation 203 Rev 1 (FGE.203 Rev1): alpha,beta-unsaturated aliphatic aldehydes and precursors from chemical subgroup 1.1.4 of FGE.19 with two or more conjugated double-bonds and with or without additional non-conjugated double-bonds.“ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(4), 3626, 31 bls. doi:10.2903/j.efsa.2014.3626. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu/efsajournal

2. Matvæli, sem einhverju þeirra bragðefna sem eru tilgreind í viðaukanum við þessa reglugerð hefur verið bætt í og sem uppfylla ekki þau skilyrði sem sett eru fram í þeim viðauka og hafa verið flutt inn í Sambandið frá þriðja landi, má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags ef innflytjandi slíkra matvæla getur sýnt fram á að þau voru send frá viðkomandi þriðja landi og hafi verið á leið til Sambandsins fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.
3. Umbreytingartímabilin, sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr., gilda ekki um blöndur með bragðefnum.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. mars 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Töflu 1 í 2. þætti A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 02.139 komi eftirfarandi:

„02.139	Deka-2,4-díen-1-ól	18409-21-7	1189	11748		Takmarkanir á notkun sem bragðefni: Í flokki 2 — hámark 1,5 mg/kg. Í flokki 3 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 5 — hámark 9 mg/kg. Í flokki 7 — hámark 15 mg/kg. Í flokki 8 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 12 — hámark 3 mg/kg. Í flokki 14.1 — hámark 2 mg/kg. Í flokki 14.2 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 16 — hámark 2 mg/kg.	1	EFSA“
---------	--------------------	------------	------	-------	--	--	---	-------

b) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 02.153 komi eftirfarandi:

„02.153	Hepta-2,4-díen-1-ól	33467-79-7	1784			Takmarkanir á notkun sem bragðefni: Í flokki 1 — hámark 35 mg/kg. Í flokki 2 — hámark 25 mg/kg. Í flokki 3 — hámark 30 mg/kg. Í flokki 4.2 — hámark 50 mg/kg. Í flokki 5 — hámark 50 mg/kg. Í flokki 6 — hámark 25 mg/kg. Í flokki 7 — hámark 50 mg/kg. Í flokki 8 — hámark 10 mg/kg. Í flokki 9 — hámark 10 mg/kg. Í flokki 12 — hámark 100 mg/kg. Í flokki 14.1 — hámark 25 mg/kg. Í flokki 15 — hámark 50 mg/kg. Í flokki 16 — hámark 25 mg/kg.	1	EFSA“
---------	---------------------	------------	------	--	--	---	---	-------

c) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 02.162 komi eftirfarandi:

„02.162	Hexa-2,4-díen-1-ól	111-28-4	1174			Takmarkanir á notkun sem bragðefni: Í flokki 3 — hámark 4 mg/kg. Í flokki 4.2 — hámark 2 mg/kg. Í flokki 5 — hámark 2 mg/kg. Í flokki 12 — hámark 4 mg/kg. Í flokki 14.1 — hámark 4 mg/kg. Í flokki 14.2 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 15 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 16 — hámark 2 mg/kg.	1	EFSA“
---------	--------------------	----------	------	--	--	--	---	-------

d) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 02.188 komi eftirfarandi:

„02.188	Nóna-2,4-díen-1-ól	62488-56-6	1183	11802	Að minnsta kosti 92%; efnisþáttur í minna magni 3–4% 2-nónen-1-ól	Takmarkanir á notkun sem bragðefni: Í flokki 1 — hámark 2 mg/kg. Í flokki 2 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 3 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 4.2 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 5 — hámark 10 mg/kg. Í flokki 6 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 7 — hámark 14,5 mg/kg. Í flokki 8 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 12 — hámark 10 mg/kg. Í flokki 14.1 — hámark 2 mg/kg. Í flokki 14.2 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 15 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 16 — hámark 2,5 mg/kg.	1	EFSA“
---------	--------------------	------------	------	-------	---	---	---	-------

e) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 05.057 komi eftirfarandi:

„05.057	Hexa-2(trans),4(trans)-díenal	142-83-6	1175	640		Takmarkanir á notkun sem bragðefni: Í flokki 1 — hámark 10 mg/kg. Í flokki 3 — hámark 10 mg/kg.	1	EFSA“
---------	-------------------------------	----------	------	-----	--	---	---	-------

						Í flokki 4.2 — hámark 15 mg/kg. Í flokki 5 — hámark 20 mg/kg. Í flokki 6 — hámark 0,05 mg/kg. Í flokki 7 — hámark 15 mg/kg. Í flokki 8 — hámark 15 mg/kg. Í flokki 9 — hámark 20 mg/kg. Í flokki 11 — hámark 50 mg/kg. Í flokki 12 — hámark 4 mg/kg. Í flokki 14.1 — hámark 15 mg/kg. Í flokki 14.2 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 16 — hámark 10 mg/kg.		
--	--	--	--	--	--	--	--	--

f) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 05.064 komi eftirfarandi:

„05.064	Trídeka- 2(trans),4(cis),7(cis)- tríenal	13552-96-0	1198	685	Að minnsta kosti 71%; efniþættir í minna magni 14% 4-cis-7-cis-trídekadíenól; 6% 3- cis-7-cis-trídekadíenól; 5% 2- trans-7-cis-trídekadíenal; 3% 2- trans-4-trans-7-cis-trídekatríenal	Takmarkanir á notkun sem bragðefni: Í flokki 2 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 8 — hámark 2 mg/kg. Í flokki 9 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 12 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 15 — hámark 1 mg/kg.	1	EFSA“
---------	--	------------	------	-----	---	---	---	-------

g) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 05.071 komi eftirfarandi:

„05.071	Nóna-2,4-díenal	4.3.6750	1185	732	Að minnsta kosti 89%; efniþættir í minna magni 5–6% 2,4-nónadíen-1-ól og 1–2% 2- nónen-1-ól	Takmarkanir á notkun sem bragðefni: Í flokki 1 — hámark 1,5 mg/kg. Í flokki 2 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 3 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 4.2 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 5 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 6 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 7 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 8 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 9 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 10 — hámark 1 mg/kg.	1	EFSA“
---------	-----------------	----------	------	-----	--	--	---	-------

						Í flokki 11 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 12 — hámark 10 mg/kg. Í flokki 14.1 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 14.2 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 15 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 16 — hámark 1 mg/kg.		
--	--	--	--	--	--	---	--	--

h) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 05.081 komi eftirfarandi:

„05.081	2,4-dekadíenal	2363-88-4	3135	2120	Að minnsta kosti 89%; efnisþættir í minna magni: blanda (cis, cis)-, (cis, trans)- og (trans, cis)- 2,4-dekadíenala (summa allra hverfna 95%), aseton og ísóprópanól	Takmarkanir á notkun sem bragðefni: Í flokki 1 — hámark 1,5 mg/kg. Í flokki 2 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 3 — hámark 1,5 mg/kg. Í flokki 4.2 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 5 — hámark 5 mg/kg (nema í flokki 5.3 — hámark 10 mg/kg.). Í flokki 6 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 7 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 8 — hámark 10 mg/kg. Í flokki 9 — hámark 3 mg/kg. Í flokki 10 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 11 — hámark 7,5 mg/kg. Í flokki 12 — hámark 10 mg/kg. Í flokki 14.1 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 14.2 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 15 — hámark 20 mg/kg. Í flokki 16 — hámark 1,5 mg/kg.	1	EFSA“
---------	----------------	-----------	------	------	---	---	---	-------

i) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 05.084 komi eftirfarandi:

„05.084	Hepta-2,4-díenal	5.3.4313	1179	729	Að minnsta kosti 92%; efnisþættir í minna magni 2–4% (E,Z)-2,4-heptadíenal og 2–4% 2,4-heptadíensýra	Takmarkanir á notkun sem bragðefni: Í flokki 1 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 2 — hámark 10 mg/kg.	1	EFSA“
---------	------------------	----------	------	-----	---	--	---	-------

						Í flokki 3 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 4.2 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 5 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 6 — hámark 0,5 mg/kg. Í flokki 7 — hámark 10 mg/kg. Í flokki 8 — hámark 6 mg/kg. Í flokki 9 — hámark 6 mg/kg. Í flokki 10 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 11 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 12 — hámark 2 mg/kg. Í flokki 14.1 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 14.2 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 15 — hámark 3 mg/kg. Í flokki 16 — hámark 1 mg/kg.		
--	--	--	--	--	--	--	--	--

j) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 05.101 komi eftirfarandi:

„05.101	Penta-2,4-díenal	764-40-9	1173	11695		Takmarkanir á notkun sem bragðefni: Í flokki 1 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 3 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 5 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 6 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 7 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 8 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 12 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 14.1 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 14.2 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 16 — hámark 1 mg/kg.	1	EFSA“
---------	------------------	----------	------	-------	--	---	---	-------

k) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 05.108 komi eftirfarandi:

„05.108	Úndeka-2,4-díenal	13162-46-4	1195	10385		Takmarkanir á notkun sem bragðefni: Í flokki 1 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 2 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 3 — hámark 1 mg/kg.	1	EFSA“
---------	-------------------	------------	------	-------	--	---	---	-------

						Í flokki 4.2 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 5 — hámark 1 mg/kg (nema í flokki 5.3 — hámark 10 mg/kg). Í flokki 6 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 7 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 8 — hámark 3 mg/kg. Í flokki 9 — hámark 3 mg/kg. Í flokki 10 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 11 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 12 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 14.1 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 14.2 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 15 — hámark 3 mg/kg. Í flokki 16 — hámark 1 mg/kg.		
--	--	--	--	--	--	---	--	--

1) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 05.125 komi eftirfarandi:

„05.125	Dódeka-2,4-díenal	21662-16-8	1196	11758	Að minnsta kosti 85% efnisþáttur í minna magni 11- 12% 2-trans-4-hlíðhverfa	Takmarkanir á notkun sem bragðefni: Í flokki 1 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 2 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 3 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 4.2 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 5 — hámark 1 mg/kg (nema í flokki 5.3 — hámark 10 mg/kg). Í flokki 6 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 7 — hámark 3 mg/kg. Í flokki 8 — hámark 3 mg/kg. Í flokki 9 — hámark 3 mg/kg. Í flokki 10 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 11 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 12 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 14.1 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 14.2 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 15 — hámark 3 mg/kg. Í flokki 16 — hámark 1 mg/kg.	1	EFSA“
---------	-------------------	------------	------	-------	---	--	---	-------

m) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 05.127 komi eftirfarandi:

„05.127	Okta- 2(trans),4(trans)- díenal	30361-28-5	1181	11805		Takmarkanir á notkun sem bragðefni: Í flokki 1 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 3 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 5 — hámark 10 mg/kg. Í flokki 6 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 7 — hámark 2 mg/kg. Í flokki 8 — hámark 2 mg/kg. Í flokki 12 — hámark 2 mg/kg. Í flokki 14.1 — hámark 3 mg/kg. Í flokki 15 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 16 — hámark 2 mg/kg.	1	EFSA“
---------	---------------------------------------	------------	------	-------	--	--	---	-------

n) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 05.140 komi eftirfarandi:

„05.140	Deka- 2(trans),4(trans)- díenal	25152-84-5	1190	2120	Að minnsta kosti 89%; efnisþættir í minna magni 3–4% blanda (cis-cis)-, (cis-trans)- og (trans-cis)-2,4-dekadíenala, 3– 4% asetón og snefill af ísóprópanóli	Takmarkanir á notkun sem bragðefni: Í flokki 1 — hámark 1,5 mg/kg. Í flokki 2 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 3 — hámark 1,5 mg/kg. Í flokki 4.2 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 5 — hámark 5 mg/kg (nema í flokki 5.3 — hámark 10 mg/kg). Í flokki 6 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 7 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 8 — hámark 10 mg/kg. Í flokki 9 — hámark 3 mg/kg. Í flokki 10 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 11 — hámark 7,5 mg/kg. Í flokki 12 — hámark 10 mg/kg. Í flokki 14.1 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 14.2 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 15 — hámark 20 mg/kg. Í flokki 16 — hámark 1,5 mg/kg.	1	EFSA“
---------	---------------------------------------	------------	------	------	---	--	---	-------

o) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 05.141 komi eftirfarandi:

„05.141	Deka-2,4,7-tríenal	51325-37-2	1786			Takmarkanir á notkun sem bragðefni: Í flokki 1 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 2 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 3 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 4.2 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 5 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 6 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 7 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 8 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 9 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 10 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 11 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 12 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 14.1 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 14.2 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 15 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 16 — hámark 1 mg/kg.	1	EFSA“
---------	--------------------	------------	------	--	--	--	---	-------

p) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 05.173 komi eftirfarandi:

„05.173	Nóna-2,4,6-tríenal	57018-53-8	1785			Takmarkanir á notkun sem bragðefni: Í flokki 1 — hámark 15 mg/kg. Í flokki 2 — hámark 10 mg/kg. Í flokki 3 — hámark 15 mg/kg. Í flokki 4.2 — hámark 15 mg/kg. Í flokki 5 — hámark 20 mg/kg. Í flokki 6 — hámark 10 mg/kg. Í flokki 7 — hámark 25 mg/kg. Í flokki 8 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 9 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 12 — hámark 25 mg/kg. Í flokki 14.1 — hámark 10 mg/kg. Í flokki 15 — hámark 15 mg/kg. Í flokki 16 — hámark 15 mg/kg.	1	EFSA“
---------	--------------------	------------	------	--	--	--	---	-------

q) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 05.186 komi eftirfarandi:

„05.186	2,4-oktadíenal	5577-44-6		11805		Takmarkanir á notkun sem bragðefni: Í flokki 1 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 3 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 5 — hámark 10 mg/kg. Í flokki 6 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 7 — hámark 2 mg/kg. Í flokki 8 — hámark 2 mg/kg. Í flokki 12 — hámark 2 mg/kg. Í flokki 14.1 — hámark 3 mg/kg. Í flokki 15 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 16 — hámark 2 mg/kg.	1	EFSA“
---------	----------------	-----------	--	-------	--	--	---	-------

r) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 05.194 komi eftirfarandi:

„05.194	trans-2, trans-4-nónadíenal	5910-87-2		732	Að minnsta kosti 89%; efnisþættir í minna magni a.m.k. 5% 2,4-nónadíen-1-ól og 2-nónen-1-ól og aðrar hverfur 2,4-nónadíenals	Takmarkanir á notkun sem bragðefni: Í flokki 1 — hámark 1,5 mg/kg. Í flokki 2 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 3 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 4.2 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 5 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 6 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 7 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 8 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 9 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 10 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 11 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 12 — hámark 10 mg/kg. Í flokki 14.1 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 14.2 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 15 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 16 — hámark 1 mg/kg.	1	EFSA“
---------	-----------------------------	-----------	--	-----	--	---	---	-------

s) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 05.196 komi eftirfarandi:

„05.196	trans-2, trans-4-úndekadfenal	30361-29-6		10385		Takmarkanir á notkun sem bragðefni: Í flokki 1 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 2 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 3 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 4.2 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 5 — hámark 1 mg/kg (nema í flokki 5.3 — hámark 10 mg/kg). Í flokki 6 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 7 — hámark 5 mg/kg. Í flokki 8 — hámark 3 mg/kg. Í flokki 9 — hámark 3 mg/kg. Í flokki 10 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 11 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 12 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 14.1 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 14.2 — hámark 1 mg/kg. Í flokki 15 — hámark 3 mg/kg. Í flokki 16 — hámark 1 mg/kg.	1	EFSA“
---------	-------------------------------	------------	--	-------	--	--	---	-------

t) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 09.573 komi eftirfarandi:

„09.573	Hexa-2,4-díenýlasetat	1516-17-2	1780	10675		Takmarkanir á notkun sem bragðefni: Í flokki 1 — hámark 25 mg/kg. Í flokki 3 — hámark 20 mg/kg. Í flokki 4.2 — hámark 25 mg/kg. Í flokki 5 — hámark 25 mg/kg. Í flokki 6 — hámark 10 mg/kg. Í flokki 7 — hámark 25 mg/kg. Í flokki 12 — hámark 10 mg/kg. Í flokki 14.1 — hámark 20 mg/kg. Í flokki 14.2 — hámark 20 mg/kg. Í flokki 15 — hámark 25 mg/kg. Í flokki 16 — hámark 25 mg/kg.	1	EFSA“
---------	-----------------------	-----------	------	-------	--	---	---	-------